



Fjárlaganefnd Alþingis
Stefán Vagn Stefánsson, formaður
Austurstræti 8-10A
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík, 14. desember 2023
Tilvísun: FJR2023110325

Fjármála- og efnahagsráðherra fer þess á leit við fjárlaganefnd Alþingis að við 3. umræðu frumvarps til fjárukalaga ársins 2023 verði gerðar þær breytingar á fjárheimildum málefna- og málaflokka í A1-hluta ríkissjóðs sem fram koma í meðfylgjandi yfirlitum.

Gerð er tillaga um eina breytingu á 6. gr. þar sem bætt er við nýjum lið 5.18 sbr. **fylgiskjal 3**. Í þeim lið er lagt til að auka við hlutafé í Leigufélaginu Brieti ehf. til að styðja við tímabundin kaup félagsins á allt að 80 íbúðum sem leigja skal til Grindvíkinga með skilyrði að hlutaféð verði endurgreitt með lækkun hlutafjár innan þriggja ára frá því að greiðslan var innt af hendi. Úrræðið er sett fram í samhengi við lög um sértækan húsnæðisstuðning til Grindvíkinga sem samþykkt voru á Alþingi þann 5. desember sl. Samkvæmt þeim lögum munu þeir sem þurftu að rýma heimili sín vegna jarðhræringa á Reykjanesinu fá tiltekinn húsnæðisstuðning til að lækka húsnæðiskostnað vegna leigu á íbúðarhúsnæði utan Grindavíkurbæjar. Til að tryggja að framboð sé til staðar af fasteignum til leigu fyrir íbúa Grindvíkur verður geta Leigufélagsins Brietar ehf. aukin tímabundið til að standa undir slíkum kaupum. Ríkissjóður á nú þegar um 88% hlut í leigufélaginu en aðrir hlutir þess eru í eigu þriggja sveitarfélaga.

Þá er gert ráð fyrir 528 m.kr. auknum fjárheimildum sem fram koma í **fylgiskjali 2** auk 1,4 ma.kr. lækkun greiðsluheimildar.

Tillögur við 3. umræðu frumvarpsins um auknar fjárheimildir til málaflokka eru þrjár.

Lagt til að auka fjárheimild málaflokks *33.30 Lífeyrisskuldbindingar*, um 360 m.kr. vegna aukinnar skuldbindingar gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna breytinga sem gerðar voru á áföllnum réttindum sjóðfélaga í A-deild og tóku gildi 1. júlí sl. Með þeim breytingum voru réttindi sjóðfélaga í A-deild LSR skert um 4,1% en við það virkjaðist greiðsluskylda ríkissjóðs gagnvart skerðingu á réttindum þeirra sjóðfélaga sem voru 60 ára við gildistöku samþykktu sjóðsins þegar lagabreytingar voru gerðar í árslok 2016 eða höfðu þá þegar hafið töku lífeyris. Í gildandi lögum er kveður á um að ekki skuli nýta höfuðstól varúðarsjóðs í þessu skyni heldur skuli árlega gera upp fjárhagsleg áhrif með samningi A-deildar við ríkissjóð. Í samræmi við þetta ákvæði er lögð til 360 m.kr. hækkun vegna fjárhagslegra áhrifa frá 1. júlí sl.

Þá er gerð 110 m.kr. tillaga um aukningu á fjárheimild málaflokks *15.10 Stjórnun og þróun orkumála*. Í kjölfar óveðurs í desember 2019 var ákveðið að hraða uppbyggingu þrífösunar og jarðstrengjavæðingar til að auka raforkuöryggi á landsbyggðinni. Verkefnið er að stærstum hluta fjármagnað af RARIK. Nokkurs misskilnings hefur gætt varðandi fjármögnun verkefnisins og af þeim sökum hefur myndast halli á verkefninu, eða um 374 m.kr. vegna árunna 2021–2022. Að auki hefur ekki verið gert ráð fyrir tilgreindum heimildum vegna verkefnisins á árinu 2023. Verið er að leita lausna vegna uppsafnaðs halla fyrri ára en óskað er eftir viðbótarheimild vegna ársins 2023.

Að lokum er lagt til að auka fjárheimild málaflokks *12.10 Stjórnun landbúnaðarmála*, til að mæta kostnaði við arfgerðagreiningu til hraðrar innleiðingar verndandi arfgerða í íslenska sauðfjárstofninn, en áætlað er að innleiðingin standi yfir nokkurra ára tímabil. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir 110 m.kr. vegna aðgerðarinnar en vonir standa til að með innleiðingunni takist að draga úr líkum á að fara þurfi í stórfelldan niðurskurð á sauðfé vegna riðu með tilheyrandi kostnaði.

Auk fyrrgreindra tillagna er gert ráð fyrir leiðréttingu vegna bókhaldslegrar meðferðar loftslagsheimilda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 1,4 ma.kr. aukningu gjaldaheimilda ásamt samsvarandi aukningu á tekjuhlíð. Þar sem um bókhaldslega meðferð er ræða þar sem ónýttar heimildir eru jafnaðar á móti skuldbindingum á gjaldahlíð er ekki þörf á greiðsluheimild og því er lagt til að greiðsluheimild falli niður.

Loks eru gerðar tillögur sem hafa ekki áhrif á heildarútgjöld og afkomu ríkissjóðs en þar er um að ræða millifærslur og breytta hagræna skiptingu fjárheimilda sem fram koma í **fylgiskjali 3**.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur haft umsjón með skráningu tillagna í fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis og eru þær þar til reiðu fyrir umfjöllun nefndarinnar og fyrir myndun á þingskjölum breytingartillagna og nefndarálits.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildum í 1. og 2. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við áhrif af þeim breytingum sem hér eru lagðar til, nái þær fram að ganga, að viðbættum þeim breytingum sem fjárlaganefnd kann að leggja til.

F.h.r.

Björn Þór Hermannsson / Katrín Anna Guðmundsdóttir